



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blöndubæjar - 10. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 14. júlí 2015
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Jón Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason, fundarritari

Dagskrá:

1. Deiliskipulag - Sölvabakki - Urðun og efnistaka - 1501029

Deiliskipulag fyrir urðun og efnistöku í landi Sölvabakka var auglýst skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 12. maí sl. Deiliskipulagstillaga frá 2011, Sölvabakki-urðun og efnistaka, hlaut ekki lokaafgreiðslu með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda og tók því ekki formlega gildi. Því er deiliskipulagstillagan endurauglýst sem nýtt deiliskipulag. Breyting frá áður auglýstu deiliskipulagi er að byggingareitur B fyrir þjónustuhús og vélageymslu er stækkaður úr 16.016 m² í 22.627 m² og bætt er við byggingarreit C fyrir vélaskemmu samtals 14.152 m². Athugasemdafresti lauk þann 24. júní sl. Engar athugasemdir bárust en Umhverfisstofnu og Minjastofnun Íslands gera umsagnir þar sem engar athugasemdir eru gerðar við deiliskipulagstillöguna.

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd samþykkir deiliskipulagið óbreytt.

2. Brimslóð 10A. Umsókn um breytta notkun. - 1503014

Byggingarfulltrúi óskaði eftir leiðsögn Mannvirkjastofnunar um meðferð þessa máls, þar sem byggingarleyfisskyldar breytingar og úttektarskyldar framkvæmdir hafa verið unnar án byggingarleyfis og úttekta. Bréf byggingarfulltrúa og svar Mannvirkjastofnunar lagt fram til kynningar.

Byggingarfulltrúi fór yfir svör Mannvirkjastofnunar og málsmeðferð vegna framkvæmda við Brimslóð 10A.

3. Mýrarbraut 23 - 1506031

Afturköllun á úthlutun lóðarinnar að Hnjúkabyggð 34 á Blönduósi til Mýrarbrautar 23 ehf. og frestur til að fjarlægja lausafé af lóðinni. Með bréfi dags. 5. júní sl. afturkallaði byggingarfulltrúi, fyrir hönd Blönduós bæjar, úthlutun á lóðinni Hnjúkabyggð 34 til Mýrarbrautar 23 ehf. Var það gert á grundvelli 2. mgr. 9. gr. samþykta um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduós bæjar. Einnig var í sama bréfi veittur frestur til 22. júní sl. til að fjarlægja lausafé af lóðinni sem stendur þar án leyfis. Með bréfi dags 19. júní sl. mótmælir Jón Bjarni Kristjánsson, hdl. málsmeðferð harðlega og skorar á byggðarráð



að afturkalla ákvörðun sína og á byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmdum. Með bréfi dags. 23. júní sl var Mýrabraut 23 ehf. tilkynnt að lausafjárnir yrðu fjarlægðir af lóðinni þann 30. júní. 29. júní óskaði fyrrnefndur lögmaður eftir fresti á boðuðum aðgerðum og var hann veittur til 14. júlí 2015.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar samþykkir afturköllun lóðarinnar fyrir sitt leyti og að málinu verði fylgt eftir.

4. Umsókn um uppsetningu á skilti - 1506032

Bæjarblómið og Húnabúð sækja um byggingarleyfi til að setja upp sameiginlegt skilti á horni Húnabrautar og Þjóðvegur nr. 1, til vara vestan við brúna yfir Blöndu. Fyrirhugað skilti er 180 cm breitt og 250 cm hátt. Þrjár myndir sem áformað er að verði á skiltinu fylgja umsókninni.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar hafnar erindinu. Nefndin samþykkir að fara yfir leyfi fyrir skiltum á lóðinni að Húnabraut 2A.

5. Urðarbraut 1 - Breyting á gluggum - 1507002

Erindi frá Kristjáni Blöndal, umsókn um byggingarleyfi til að breyta gluggum hússins að Urðarbraut 1 á Blönduósi. Umsókninni fylgir riss af fyrirhuguðum breytingum á gamla teikningu af húsinu.

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd Blönduósbæjar tekur jákvætt í erindið enda verði lagðar fram fullnægjandi hönnunargögn.

6. Sturluhóll - Umsókn um byggingarleyfi - 1507003

Erindi frá Atla Þór Gunnarssyni, umsókn um byggingarleyfi til að einangra og klæða íbúðarhúsið að Sturluhóli að utan. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur ásamt skráningartöflu, gerður af Stefáni Árnasyni, byggingarfræðingi. Húsið verður einangrað með 100 mm steinull og klætt utan með bárujárn (Aluzink).

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar samþykkir byggingaráformin.

7. Umhverfisverðlaun Blönduósbæjar - 1507005

Blönduósbær veitir árlega umhverfisverðlaun sem hvatningu til íbúa og fyrirtækja sem staðið hafa sig vel að úrbótum og fegrun í umhverfinu.

Nefndin samþykkti að skoða garða og umhverfi í sveitarfélaginu og koma með tilnefningar til umhverfisverðlauna ársins 2015.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____